

Tillagan var auglýst, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 30. september til 28. október 1998, og yfirfarin af Skipulagsstofnun.  
Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*10. desember 1998.*

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,  
**Magnús Gunnarsson.**

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu-Hringbrautar-Öldugötu, Hringbraut 2-4, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 24. nóvember 1998 breytingu á deiliskipulagi, Lækjargötu-Hringbrautar-Öldugötu í Hafnarfirði, sem staðfest var 26. nóvember 1985.

Breytingin felst í að í stað 9 einbýlishúsa og vistgötu komi tvö þriggja hæða og eitt tveggja hæða fjölbýlishús með allt að 31 íbúð og bílakjallara. Auk þess fellur út byggingareitur fyrir einbýlishús við Öldugötu og þar verða bílastæði. Að Hringbraut 4 þar sem nú er gamalt verslunarhúsnæði komi fjölbýlishús með allt að 10 íbúðum.

Tillagan var auglýst, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 28. ágúst til 25. september 1998, og yfirfarin af Skipulagsstofnun.  
Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*10. desember 1998.*

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,  
**Magnús Gunnarsson.**

## REGLUGERÐ

### um bann við rækjuveiðum.

1. gr.

Allar rækjuveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Norðaustur af landinu á svæði, er markast af línunum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

- |                            |                             |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 67°40,00 N - 18°00,00 V | 7. 67°04,00 N - 14°49,60 V  |
| 2. 67°12,00 N - 18°00,00 V | 8. 66°50,80 N - 13°14,50 V  |
| 3. 67°11,00 N - 16°40,00 V | 9. 66°34,90 N - 12°39,80 V  |
| 4. 67°16,00 N - 16°19,70 V | 10. 66°30,00 N - 12°35,80 V |
| 5. 67°19,80 N - 15°20,00 V | 11. 66°30,00 N - 12°01,50 V |
| 6. 67°13,00 N - 14°35,17 V | 12. 67°40,00 N - 14°30,00 V |

2. Á Héraðsflóa á svæði, innan eftirgreindra punkta:

1. 65°42,21 N - 14°21,55 V
2. 65°42,14 N - 14°05,50 V
3. 65°37,00 N - 13°53,42 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 10. janúar 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 1999 að telja um 4,0 % frá því sem þær voru í desember 1998.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. desember 1998.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Jón Sæmundur Sigurjónsson.*